

Nd.

95. Frumvarp til laga

[72. mál]

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Björn Ólafsson.

1. gr.

1. málsl. 1. tölul. 17. gr. laganna orðist svo:

Á veiðitíma þeim, er getur um í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá fimmtudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9.

2. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Milli fastra veiðivéla, hvort heldur er sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 m bil eftir endilangri á, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélar. Lengd veiðivélar skal telja frá fóstum árbakka út að yzta enda vélar, hvort sem girðing er á allri þeirri leið eða ekki. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar.

3. gr.

34. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, er lax friðaður fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði, 60 stundir á hverri viku. Er þetta gert til að setja nokkurn hemil á laxveiði í net eða veiðivélar, svo að ekki sé of nærri gengið fiskstofninum, sérstaklega þar sem laxgöngurnar fara um á leið til hrygningarstöðvanna.

Í þessu efni stendur sérstaklega á um Hvítá í Borgarfirði. Í hana renna nokkrar af beztu veiðiám landsins, ekki alllangt frá ósi hennar. Allur lax, sem gengur í þessar veiðiár, verður því fyrst að ganga upp Hvítá. En eins og kunnugt er, er netjaveiði stunduð því nær eingöngu í Hvítá, og hafa veiðivélar verið lagðar undanfarin ár þvert og endilangt um ós og leirusvæði árinna. Verður laxinn að komast fram hjá hinum mörgu veiðivélum, sem í Hvítá eru lagðar, til þess að komast upp í bergvatnsárnar og hrygna.

Enginn vafi er á því, að mikil ofveiði hefur átt sér stað í Hvítá undanfarin ár í veiðivélar og net. Með ofveiði er hér átt við, að jarðeigendur, sem veiðirétt eiga í Hvítá, hafa veitt í netin miklu stærri hluta en þeim eðlilega ber af þeim laxi, sem leggur leið sína um Hvítá upp í bergvatnsárnar. Enn fremur er það ihugunarvert,

að enginn lax, sem í netin veiðist, hefur haft aðstöðu til að hrygna. Vafalaust má því telja, að bændur, sem mikilla hagsmuna hafa að gæta vegna laxveiði í bergvatnsánnum, hafa um langt skeið borið skarðan hlut frá borði, borið saman við veiðibændur við Hvítá.

Eftirfarandi tölur um laxveiði á vatnasvæði Hvítár staðfesta það álit, að um mikla ofveiði sé að ræða í Hvítá í net eða aðrar veiðivélar, þegar sú veiði er borin saman við stangarveiði í bergvatnsánnum, þar sem laxinn hrygnir. Yfirlitið sýnir tölu veiddra laxa.

	1948	1949	1950	1951	1952
Netjaveiði	4935	2958	2753	4359	4051
Stangarveiði	2179	1506	1183	2043	2551
Samtals	7114	4464	3936	6402	6602

Upplýsingar þessar eru fengnar hjá veiðimálastjóra. Meðal annars fylgja þessar skýringar: „Ofangreindar tölur yfir laxveiði í net eru byggðar á veiðiskýrslum frá bæjum, sem veiða í sjó, á leirusvæði Hvítár, í Hvítá og í Norðurá. Nær allir bæir hafa gefið upp veiðina árlega. Tölurnar yfir stangarveiðina ná hins vegar aðeins til Þverárveiðanna, Svarthólfðaveiðanna, hluta Grímsárveiðanna og mesta hluta Norðurárveiðanna. Ókleift hefur reynzt til þessa að afla samhangandi veiðiskýrslna frá öllum stangarveiðisvæðum á vatnasvæði Hvítár. Ætla má, að samanlagt veiðist 350—650 laxar á ári á svæðunum, sem skýrslurnar ná ekki til, eða nálega 500 laxar á ári á meðaltali.“ — Af þessu má ætla, að nokkur vanhöld séu með skýrslugerð hæði fyrir netjaveiðina og stangarveiðina.

Séu tölurnar teknar eins og þær liggja fyrir, hefur netjaveiðin verið 61—70% af allri laxveiðinni árin 1948—1952. En sé tekin með áætlunartala veiðimálastjóra um vanhöld stangarveiðiskýrslna, án þess að reiknað sé með nokkrum vanhöldum netjaveiðiskýrslna, þá sýna tölurnar, að 57—65% af öllum laxi, veiddum í Borgarfirði síðustu fimm árin, hefur verið veitt í net.

Þegar þess er gætt, að allur laxinn, sem veiðist í Hvítá í net, er á leið til hrygningarástöðvanna í bergvatnsánnum, er ljóst, að slík ofveiði sem farið hefur fram í Hvítá hlýtur, þegar til lengdar lætur, að hafa skaðleg áhrif og draga úr fiskgengdinni í árnar. Ef netjaveiði væri ekki leyfð í Hvítá, er líklegt, að Borgarfjarðarárnar yrðu einhverjar beztu stangarveiðiár í heimi.

Til þess að hindra ofveiði á laxi í net er í 17. gr. laganna, eins og áður er getið, svo fyrir mælt, að lax og göngusilungur skuli vera friðaður fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði, 60 sundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Tölurnar hér að framan sýna greinilega, að þessi friðunartími er ekki nægilega langur til að sporna gegn ofveiði í net. Þess vegna er með frv. þessu lagt til, að friðunartíminn á hverri viku sé lengdur um einn sólarhring. Er þá laxinn friðaður gegn netjaveiði helming vikunnar. Er sýnilegt, að ekki má skemmra ganga í því efni, ef lax í bergvatnsánnum á ekki að ganga til þurrðar á næsta áratug.

Rétt þykir, að fram komi einnig upplýsingar veiðimálastjóra um laxveiði í Ölfusá og vatnasvæði hennar, þótt þar gegni talsvert öðru máli en um Hvítá. Þar segir svo:

„Eins og yður er kunnugt, er fyrirkomulag veiðimálanna í Árnassýslu mjög með öðrum hætti en í Borgarfirði. Á laxgenga hluta vatnasvæðis Ölfusár-Hvítár er starfandi veiðifélag (Veiðifélag Árneseinga), sem hefur á sinni hendi alla laxveiði á félagssvæðinu. Félagið hefur látið stunda netjaveiði á einum eða fleiri stöðum í Ölfusá, en hefur leigt út Sogið, Brúará, Stóru- og Litlu-Laxá til stangarveiði, en auk þess hefur stangarveiði verið stunduð á nokkrum stöðum í Ölfusá og Hvítá.

Hér fer á eftir skýrsla yfir netja- og stangarveiði á félagssvæði Veiðifélags Árneseinga. Stangarveiðin í Soginu er gefin upp sér:

Stangarveiði:	1948	1949	1950	1951	1952	
Sogið	322	99	102	105	133	
Annars staðar	767	835	318	224	800	
	Samtals	1089	934	420	329	933
Netjaveiði:	„	643	1674	981	717	
	Samtals	1089	1577	2094	1310	1650

Engin netjaveiði var rekin af Veiðifélagi Árneseinga á árunum 1947 og 1948 og veiðiútbúnaður var takmarkaður á árunum 1949 til 1952 vegna samþykktar félagsins um að draga úr netjaveiðinni á vatnasvæðinu í fiskiræktarskyni.

Veiðifélag Árneseinga hefur, eins og áður segir, laxveiðina á vatnasvæði Ölfusár-Hvítar á sínum höndum, en veiði göngusilungs hafa bændur sjálfir, hver fyrir sínu landi. Bændur við Ölfusá og Hvítá veiða göngusilung í lagnet, og sumir bændanna við bergvatnsárnar stunda lagnetjaveiði eða stangarveiði eða leigja stangarveiðimönnum silungsveiðina fyrir landi sínu. Vitað er, að verulegt magn af laxi veiðist bæði í silunganetin og á stangir silungsveiðimanna, og kemur sú veiði ekki fram í tölum hér að framan.“

Um 2. gr.

Samkvæmt dómi hæstaréttar, nr. 34 1949 (um lögmati laxveiðilagnar á leirusvæði ár), hefur 31. gr. laganna verið túlkuð svo, að ekki skuli telja fjarlægð veiðivélar frá árbakka til lengdar hennar, heldur beri að miða einungis við lengd veiðivélarinnar sjálfar. Er hér átt við, að heimilt sé að leggja net í árkvíslar án tillits til fjarlægðar þeirra frá föstum árbakka, ef netjalögnin sjálf að lengd til er innan hæfilegra marka. Með þessu móti er hægt að leggja í allar höfuðkvíslar hvar sem eru á leirusvæði árinna og á þann hátt þvergirða að miklu leyti fyrir allt leirusvæðið.

Enginn vafi er á, að þessi túlkun laganna er ekki í samræmi við upphaflegan tilgang þeirra. Tilgangurinn var sá, að lengd veiðivélar skyldi mæld frá föstum árbakka, en ekki frá eyrum úti í miðri á. En þess ber þó að gæta, að 34. gr. laganna gefur nokkurt tilefni til misskilnings í þessu efni, og þess vegna er lagt til, að sú grein verði felld niður.

Það, sem við er átt með breytingu þessari, er, að ekki sé heimilt að mæla lengd netja eða veiðivéla frá eyri eða bakka, öðrum en hinum eðlilega fasta árbakka, hvar sem net eru lögð í ána, þar með talið leirur og ós.